

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akranesskaupstaðar hefur gert með heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 og sbr. lög nr. 22 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o.fl., öðlast gildi þegar í stað.

Gildistími samþykktar þessarar er 5 ár, frá dagsetningu hennar talið.

Félagsmálaráðuneytið, 3. desember 1986.

F.h.r.
Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Líndal.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn hreppsmálefna
Blönduósshrepps nr. 622/1983.**

1. gr.

Við b lið 35. gr. samþykktarinnar bætist nýr töluliður svohljóðandi:

“6. Fimm menn í íþrótt- og æskulýðsnefnd og fimm til vara.“

Töluliðir 6 til 18 breytist til samræmis við þetta og verði 7 til 19.

2. gr.

Síðasta málsgrein 35. gr. falli niður.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Blönduósshrepps hefur gert samkvæmt 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. desember 1986.

F.h.r.
Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Líndal.

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðakauptúni

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Egilsstaðahrepps hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð í Egilsstaðakauptúni, en hér er um að ræða breytingu á auglýsingu um umferð í Egilsstaðakauptúni frá 11. júlí 1984.

a) I. liður, 3. tl. orðist svo:

Umferð um Hamrahlíð, Hjarðarhlíð og Bjarkarhlíð víki fyrir umferð um Fénaðarklöpp.

b) II. liður, 1. tl. orðist svo:

Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Seláss.